

Ed.

425. Breytingartillögur

[121. mál]

við frv. til l. um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 9. gr. Í stað „þjóna“ í 2. efnismgr. komi: starfsmenn.
2. Við 10. gr. Við 1. efnismgr. bætist: eða að öðru leyti stórfellt.
3. Við 12. gr. Á eftir orðunum „svipta hann veitingaleyfi“ í 1. efnismgr. komi: um stundarsakir eða fyrir fullt og allt.
4. Á eftir 16. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 47. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og öðrum flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.